

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalka sorpeyðingastöð sf. Helguvík, Berghólabraut



Dags eftirlits	16.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Kalka sorpeyðingastöð sf.	Eftirlitsmaður	Rakel Kristjánsdóttir
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5312780469	Flokkur	verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Steinþór Þórðarson	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingþór Karlsson	Staðsetning	325484,211 396471,342

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Kólku Sorpeyðingastöð á Suðurnesjum.

Í eftirlitinu komu fram þrjú ný frávik og þremur ábendingum var komið á framfæri. Brugðist hefur verið við tveimur frávikanna hvað varðar skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi.

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skýrslugjöf og skráningar m.a. magnölur úrgangs
- Móttaka og skráning úrgangs
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umgengni á lóðum og aðkoma
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Rekstraraðili byrjaði á kynningu á starfsemi og endurbótum sem hafa staðið yfir í verksmiðjunni og hugmyndir um sopporkustöð á Suðurnesjum. Farið var yfir umhverfismarkmið, atvikaskráningakerfi, þjálfun starfsmanna og uppfærslu verkferla. Unnið er að uppfærslu búnaðar, vefumhverfis, vigtarkerfis og verkferla.

1. Unnið er samkvæmt úrbótaáætlun frá 24. nóvember 2020 varðandi ráðstöfun botnösku en áætlað er að ljúka úrbótum í september 2021. Botnaska fer nú í Sorpu Álfnesi en til athugunar er hvort efnið sé tækt til landmótunar á landmótunarstað innan sveitarfélagsins. Starfsleyfi Kólku hefur verið breytt og tekur nú einnig til lóðar að Berghólabraut 7 og 7a.

2. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi hafði ekki verið skilað þegar eftirlitið fór fram. Unnið var að skýrslunum en tafir höfðu orðið á skýrslugerðinni m.a. vegna covid. Niðurstöður útblástursmælinga frá jan - júl voru sendar til Umhverfisstofnunar í kjölfar eftirlitsins. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar sem heldur utan um gagnaskil um magnölur úrgangs var viðstaddur eftirlitið og fór yfir þau með rekstraraðila.

3. Farið var yfir greinar 4.1 og 5.1 í starfsleyfi og þau ákvæði sem þar koma fram varðandi móttöku úrgangs. Skráningar á hverjum farmi hafa verið bættar með uppfærslu á vigtarkerfi. Vigtarkerfið er enn í þróun.

4. Tíðni vettvangsheimsóknna mengunareftirlits byggja á niðurstöðum áhættumats sem Umhverfisstofnun hefur innleitt frá árinu 2020. Starfsemi Kólku fellur í áhættuflokk B og hlýtur því eina vettvangsferð á ári. Áhættumatið verður endurskoðað í lok árs út frá niðurstöðum úr eftirliti sem tekur m.a. til umhverfisstjórnunar í fyrirtækinu, fjölda kvartana og frávíka sl. fjögur ár. Rekstraraðila gefst þannig færi á að hafa áhrif á tíðni vettvangsheimsóknna eftirlits.

5. Í skoðunarferðinni var gengið um verksmiðjulóðina og á móttökusvæði í verksmiðjunni. Skipulag og umgengni á lóð er góð. Ábendingum var komið á framfæri varðandi girðingu lóðar, lekavarnir við spilliefnaskýli og geymslu raf og rafeindatækja (rafgeyma).

Frávik frá

Lýsing á frávíki

Grein 5.4 í starfsleyfi

Daglegur meðalstyrkur HCl mældist 11,71 mg/m³ þann 18. maí sl. sem er yfir starfsleyfismörkum og þrjú daga yfir starfsleyfismörkum hvað varðar daglegan meðalstyrk SO₂ (59,09 mg/m³ 28.febrúar sl, 155,19 mg/m³ 23.mars og 86,88 mg/m³ 5. apríl sl.) Starfsleyfismörk fyrir daglegan meðalstyrk HCl er 10 mg/m³ og f50 mg/m³

Reglugerð 851/2002 um grænt bókhald og grein 5.7 í starfsleyfi Grænu bókhaldi skal skilað fyrir 1. maí fyrir rekstrarárið á undan. Grænu bókhaldi fyrir árið 2020 var skilað of seint, en það barst stofnuninni 28. júní 2021

Reglugerð 990/2018 um ústreymisbókhald og grein 5.7 í starfsleyfi Ústreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí fyrir rekstrarárið á undan. Grænu bókhaldi fyrir árið 2020 var skilað of seint, en það barst stofnuninni 28. júní 2021

ÁBENDINGAR

Bæta þarf girðingar á lóðum að Berghólabraut 7 og 7a til að samræmast ákvæðum starfsleyfis um afgirðingu lóðar. Jarðvegsmanir loka lóðina af en girðing er ekki alls staðar til staðar.

Huga þarf vel að lekavörnum fyrir olíufni og önnur spilliefni sem geymd eru í skýli á efra plani.

Rafgeymar voru geymdir í opnum fiskikörum utandyra en samkvæmt upplýsingum frá rekstararðila var áætlað að það færi af svæðinu samdægurs. Huga þarf að því að raf og rafeindatæki séu varin fyrir regni.

ANNAÐ

Samantekt á niðurstöðum útblástursmælinga það sem af var ári 2021 voru sendar til Umhverfisstofnunar í kjölfar eftirlitsins (mælingar frá janúar út júlí 2021). Styrkur HCl mældist yfir starfsleyfismörkum einn dag í maímánuði og þrjá daga yfir starfsleyfismörkum SO₂ (í febrúar, mars og apríl).

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.05.2022


Halla Einarsdóttir

